

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

220. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **4. apríl 2013 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi Vegagerðarinnar.
2. Erindi Þorsteins H. Sigurjónssonar.
3. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi Skúla Þórðarsonar sveitarstjóra, f.h. Húnaþings vestra.
5. Erindi Ingibjargar Guðmundsdóttur.
6. Erindi frá Sveitarstjóra.
7. Erindi Elvars Loga Friðrikssonar.
8. Erindi Ísólfs Þ.Líndal og Vigdísar Gunnarsdóttur.
9. Erindi Bjarna Þórs Einarssonar.
10. Erindisbréf fyrir skipulags- og umhverfisráð.

Afgreiðslur:

Skipulags- og umhverfisráð býður nýjan skipulags og byggingafulltrúa, Sigurbjart Halldórsson velkomin til starfa.
Ráðið þakkar Benjamín Kristinssyni vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins á liðnum árum.

1. Gunnar Helgi Guðmundsson f.h. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar Vatnsnesveggar (711) frá Hvammstanga að Ytri-Kárastöðum um 4,62 km. langs kafla. Ráðið samþykkir erindið.
2. Þorsteinn H. Sigurjónsson kt.150153-4419 sækir um leyfi til að rífa geymslu fastanr. 213-2881 og geymslu fastanr. 213-2884 á jörð sinni Sæberg Landnúmer 144053. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.
3. Skipulagsmál, rætt um endurskoðun aðalskipulags og tímasetningu íbúafundar, ráðið leggur áherslu á að íbúafundurinn verði haldin í apríl 2013.

Tekið á dagskrá:

4. Skúli Þórðarson sveitarstjóri, f.h. Húnaþings vestra sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu (klór- og kolsýrugeymslu) við húsnaði Íþróttamiðstöðvarinnar að Hlíðarvegi 6 á Hvammstanga skv. meðfylgjandi teikningum frá Ráðbarði sf. dags. 08.03.2013 teikn.nr. HVH6101. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

5. Ingibjörg Guðmundsdóttir kt. 030532-4739 sækir um leyfi til að rífa fjárhús fastanr. 213-3710 og fjárhús fastanr. 213-3711 og skúr fastanr. 213-3712 á jörð sinni Útbleiksstöðum Landnúmer 144162. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.
6. Sveitarstjóri f.h. byggðaráðs Húnaþings vestra óskar eftir umsögn Skipulags- og umhverfisráðs vegna samnings Norðurlandsskóga og Arnars Þórs Sævarssonar um skógrækt á Skeggjastöðum í Miðfirði. Skipulags og umhverfisráð sér ekki ástæðu til þess að leggja gegn erindinu. Slökkviliðsstjóri bendir á að tryggja skal aðgengi slökkviliðs að svæðinu.
7. Erindi Elvars Loga Friðrikssonar kt. 300884-3939. Fyrirspurn um mögulega heimild fyrir viðbyggingu á hestúsi sínu við Þórðartröð 8 á Hvammstanga. Ráðið felur byggingafulltrúa að afla frekari gagna.
8. Ísólfur Þ. Línal kt. 220978-3809 og Vigdís Gunnarsdóttir kt.220179-4199 sækja um stofnun lóðar úr landi Lækjamóts II, landnr. 218947, s.kv. uppdrætti frá Ráðbarði sf. nr. LMT1221. Heiti nýrrar lóðar er Lækjamót II lóð 1. Ráðið samþykkir erindið.
9. Bjarni Þór Einarsson kt. 310348-2449 f.h. Miðdegishóls ehf. kt 610313-0940 sækir um byggingaleyfi fyrir reiðhöll og hestúsi á nýrri lóð í landi Lækjamóts II, s.kv. uppdrætti frá Ráðbarði sf. nr. LMT1221, LMT1222 og LMT1223. Afgreiðslu erindisins frestað.
10. Nýtt erindisbréf fyrir skipulags- og umhverfisráð lagt fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:20

Guðjón Loftsson (sign.),
Víglundur Gunnþórsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Anna María Elíasdóttir (sign),
Gísli Kjartansson (sign),

Erla B. Kristinsdóttir (sign.),
Ólafur H. Stefánsson (sign),
Unnsteinn Andrésson (sign.),
Pétur Arnarsson (sign.),